

Stjórnarfundur TSÍ 24.11.25 kl. 12:00

Mætt voru Magnús, Gunnar, Kristín, Mia og Andri.

1. Staðfesting fundargerðar 3. nóv. Samþykkt einróma
2. Staða fjármála. Kristín upplýsti um stöðu mála. Verðum í jákvæðri sjóðstöðu um áramót en ekki mikið meira en það.
3. MR lagði fram mótaskrá fyrir árið 2026 eftir yfirferð með Víkingi, TFK og Tennishöll. MR beðinn um að afla upplýsinga um þátttakendafjölda liðakeppnum að sumri áður en stjórn staðfestir styrkveitingar.
4. Landsliðsmál - MR sagði af samtölum við báða landsliðspjálfa og að sátt ríkti um að auglýsa stöðurnar báðar enda fullur skilningur á að miklar breytingar verða á störfunum. MR beðinn um að hafa samband við Tennishöll og auglýsa stöðurnar betur, bæði þar og á Fb. Landsliðsnefnd bíður með að ákveða vinnubrögð við viðtöl þangað til fyrir liggur hversu margar umsóknir berast.
5. MR sagði fréttir af stöðunni innan sænska tennissambandsins en þar er mikið uppnám eftir tilboð auðmanna um að auka styrk gegn því að ná tökum á stjórn.
6. MR óskaði eftir skipan nefndarmanna í laganefnd til að fara yfir lög sambandsins fyrir næsta Tennisþing. Gunnar og Kristín völdust með MR. Nokkrar umræður um hvort ekki væri nóg að halda þing annaðhvert ár eins og mörg sambönd gera.
7. Önnur mál. Nokkrar umræður spruttu um Padel. Ákveðið að bíða með allar sameingarviðræður þar til padelnefnd hefur formlega verið stofnuð innan ÍSÍ.

Fundi slitið kl. 12:55